

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Breyting á deiliskipulagi lögbylisins Silfurmýri.*

Í breytingunni felst að skipulag á svæðum A og B er fellt úr gildi og starfsemi sem var fyrirhuguð þar verður færð yfir á svæði C. Markaðir eru byggingarreitir fyrir reiðskemmu og þrjú íbúðarhús. Hámarksstærð reiðskemmunnar er 1.200 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 9 m. Íbúðarhús geta verið einnar eða tveggja hæða og er hámarksstærð þeirra 400 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 7,5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 17. maí 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2010